



since 1894 by

STOOPEN & meeûs

Tækniupplýsingar

STUC RESIN PU80

Tveggja þátta hlífðarlakk fyrir Stuc Vestre

VÖRULÝSING

Stuc Resin PU80 er matt, vatnsleysanlegt lakk (tveggja þátta pólýúreþan) sem býr til hlífðarlag yfir Stuc Vestre. Stuc Resin PU80 er hannað fyrir fleti innandyrna, þó ekki bílskúrgólf. Lakkið verndar gegn flestum blettum sem geta myndast á heimilum og hefur mikið þol gegn sólargeislum. Stuc Resin PU80 hefur lítil eða engin áhrif á lit flatarins og eykur gljáann örliðið.

ATH: Mýkingarefni úr gúmmídekkjum (bíldekk, hjóladekk) getur veikt og skemmt pólýúreþanið í Stuc Resin PU80 og valdið mengun.

Á YouTube er að finna fjölda fullfrágenginna verkefna og myndbanda sem sýna vinnulag við notkun efnanna frá Stoop & Meeus (<http://www.youtube.com/user/stoopmeeus>). Tilvalinn staður að byrja á til að fá innblástur til framtíðarverkefna.

NOTKUN

Við venjulegar aðstæður (rakastig og hitastig) má lakka yfir Stuc Vestre eftir 24 klst. Undirlag skal vera hreint, þurrt og laust við olíu, feiti og yfirborðsflögnun. Það er afar mikilvægt að þrifa vandlega fituga og óhreina fleti með Nordsjö Málartvätt og vatni. Ekki nota hreinsiklúta. Notið fremur vatn og alhliða þvottaefni sem inniheldur alkóhól.

Látið Stuc Vestre þorna í að minnsta kosti 24 klst. Berið Stuc Resin PU80 í jöfnu lagi, ekki of þykku, með fílt málningarrúllu. Forðist staðbundna uppsöfnum því lakkið getur orðið hvítt þar þegar lakkið þornar. Eftir blöndun skal leyfa blöndunni að standa þar til allar loftbólur eru horfnar. Nýtt lag = ný blanda. Fylgið alltaf tímafyrirmælum milli þornunar og herðingar. Til að fá jafna áferð með spaða er best að þússa yfirborðið létt. Ef farnar eru tvær umferðir af lakki skal slípa milli umferða með 240 sandpappír.

TÆKNIUPPLÝSINGAR			
Vöruform og blöndunarhlutföll	A-hluti hvítur vökvi (87%) á mótí B-hluta gegnsær vökvi (13%). Blandið vandlega	Efnisnotkun	± 0.1 kg/m ² / í umferð
		Fjöldi umferða	1-2. 1 umferð nægir á vegg og húsgögn, 2. umferð á eftir 12 klst, ekki seinna en eftir 20 klst
Purrefni	40+-5% (ASTM D2369) (A+B)	Notkunartími eftir blöndun	60-90 mín miðað við 20°C +/- 2°C eftir blöndun, styttri tími við herra hitastig
Viðloðun	Viðloðun á steypu on 4,2 MPa (ASTM D 4541)	Þurrktími	Snertipurrt eftir 3-6 klst, fer eftir lagþykkt og umhverfisaðstæðum
Slitþol (1 kg 1,000 snúningar CS10-*)	< 30 mg. (ASTM D 4060 EN ISO5470/1)	Hörðunartími	Fullharðnað á 1 viku, ganga má á eftir 1 sólarhring. Ekki setja neitt loftþétt yfir flötinn fyrir þann tíma
Efnisharka	> 98 Shore	Hita- og rakastig	Yfirborðshiti og umhverfishiti 15-25°C. Rakastig <65%. Forðist beint sólarljós
Teygjanleiki	3 ± 1%	Áhöld	Fílt málningarrúlla
Þynning	Ekki þynna	Geymsla	Hluti A: 12 mánuðir. Hluti B: 6 mánuðir. Geymist í lokuðum umbúðum í frostlausu rými

*Prófanir framkvæmdar í samræmi við innri aðferðir. Varan er ekki sjálfbær (UNI10966)

ATHUGIÐ

Blandið utandryra eða tryggið góða loftræstingu við blöndunina.

HÆTTA HLUTI A: Veldur alvarlegri ertingu í augum. Veldur ertingu í húð. Notið hlífðarhanska/hlífðarklæðnað/aughlífar/andlitshlífar. Ef húðerting varir: Leitið læknisráða/aðstoðar.

HÆTTA HLUTI B: Getur valdið ofnæmis- eða astmaviðbrögðum eða erfiðleikum við innöndun. Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. Forðist að anda að ykkur ryki/reyk/gasi/mistri/gufu/úða. Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughlífar/andlitshlífar. Ef öndunarfæraeinkenni koma fram: Hringið í eitrunarmiðstöð/lækni. Við innöndun: Færið viðkomandi í ferskt loft og komið í þægilega stöðu fyrir öndun. Ef húðerting eða útbrot koma fram: Leitið læknisráða/aðstoðar. Fjarlægið mengaðan fatnað. Þvoið mengaðan fatnað áður en hann er notaður aftur.

VOC innihald á blöndu mest 10 g/L (án vatns).

Stoopen & Meeus ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en viðurkennir ekki ábyrgð tengda vinnu og árangri við notkun þeirra. Kynnið ykkur ávallt viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar, www.serefni.is.